

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2002

frá 1. febrúar 2002

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2001 frá 11. desember 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/118/EB frá 16. janúar 2001 um breytingu á ákvörðun 2000/532/EB að því er varðar skrána yfir úrgang⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/119/EB frá 22. janúar 2001 um breytingu á ákvörðun 2000/532/EB sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 47, 16.2.2001, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 47, 16.2.2001, bls. 32.

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í öðrum undirlið 27. liðar (tilskipun ráðsins 75/442/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„**32000 D 0532**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 (Stjtið. EB L 226, 6.19.2000, bls. 3).“

2. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í lið 32aa (ákvörðun ráðsins 94/904/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„**32000 D 0532**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtið. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3), eins og henni var breytt með:

- **32001 D 0118**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/118/EB frá 16. janúar 2000 (Stjtið. EB L 47, 16.2.2001, bls. 1),
- **32001 D 0119**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/119/EB frá 22. janúar 2001 (Stjtið. EB L 47, 16.2.2001, bls. 32).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Liechtenstein er heimilt að beita svissneskum reglugerðum um hættulegan úrgang, sem gilda í Liechtenstein samkvæmt samningnum frá 29. mars 1923 um aðild Furstadæmisins Liechtenstein að tollasvæði Sviss, gagnvart hættulegum úrgangi sem er fargað eða endurnýttur í Sviss, þar sem þær tryggja sambærilega umhverfisvernd og mælt er fyrir um í tilskipun 75/442/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 91/156/EBE, tilskipun 91/689/EBE, og getið er um í reglugerð (EBE) 259/93.“

3. gr.

Texti ákvarðana 2000/532/EB, 2001/118/EB og 2001/119/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. febrúar 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann
